

## 9. gr.

*Málflutningur.*

Málflutningur er skriflegur og kallar nefndin ekki fyrir vitni eða matsmenn.

Verði mál tekið til efnislegrar meðferðar skal gagnaðili fá álitsemiðni til umsagnar. Gagnaðila skal veittur 10 daga frestur til að skila umsögn sinni. Telji nefndin að greinargerð gagnaðila sé á einhvern hátt áfátt getur hún veitt honum 5 daga frest til úrbóta. Álitsemiðandi skal fá umsögn gagnaðila senda til upplýsingar. Telji nefndin þess þörf getur hún óskað eftir framhaldsgreinargerð álitsemiðanda. Skal honum þá veittur 10 daga frestur til að skila greinargerð sinni.

## 10. gr.

*Stjórnsýslulög.*

Um meðferð mála fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum.

## 11. gr.

*Útgáfa og kynning álit.*

Nefndin skal gefa út álit sín árlega. Nefndinni er heimilt að stytta álitin við útgáfu þeirra enda sé ekki um að ræða álit sem fordæmisgildi hafa. Nefndin ákveður sjálf hvernig hún hagar kynningu á einstökum álitum milli árlegrar útgáfu.

Samhliða útgáfu álitu skal nefndin gefa út yfirlitsskýrslu um störf sín.

## IV. KAFLI

**Gildistaka.**

## 12. gr.

Reglugerð þessi sem sett með heimild í bráðabirgðaákvæði með lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup og lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 6. júlí 2001.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þorgeir Örlygsson.*

11. júlí 2001

Nr. 566

**AUGLÝSING****um breytingu á gjaldskrá Akranesveitu.**

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Akranesveitu, sem öðlast gildi 1. ágúst 2001.

Gjaldskrá Akranesveitu, nr. 260, 20. mars 2001, breytist þannig:

Gjöld vegna sölu á rafmagni, B-hluti, hækka um 4,9%.

Gjöld vegna sölu á heitu vatni, D-hluti, hækka um 5,1954%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 11. júlí 2001.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þorgeir Örlygsson.*